


Tökum öll ábyrgð!



Forvarnastefna
Ísafjarðarbæjar
Virðing – Ábyrgð – Öryggi



Tökum öll ábyrgð!



Formáli

Árið 2009 var samþykkt í bæjarstjórn stefna Ísafjarðarbæjar í félags- og velferðarmálum. Mikil vinna var lögð í stefnuna sem leggur línurnar í málaflokknum. Í samræmi við stefnuna setja stofnanir/deildir sér svo starfsmarkmið. Eitt af starfsmarkmiðum félagsmálanefndar fyrir árið 2010 var að setja fram forvarnastefnu fyrir sveitarfélagið og var forvarnafulltrúa falið að hefja þá vinnu á fundi þann 21. september 2010. Þá var jafnframt rætt að óskað yrði eftir þátttöku íbúa við gerð stefnunnar og þann 21. október var blásið til íbúapings. Þingið tókst í alla staði vel og byggir stefnan á vinnunni sem þar fór fram en að auki er tekið tillit til Aðalskipulags Ísafjarðarbæjar 2008-2020 og stefnu Ísafjarðarbæjar í félags- og velferðarmálum.

Í framhaldi af gerð stefnunnar verður lögð áhersla á að allir skólar sem og aðrar stofnanir Ísafjarðarbæjar móti sér stefnu í forvarnamálum, með því hafi sveitarfélagið heildstæða forvarnastefnu.

Forvarnir






Forvarnir eru í eðli sínu viðtækar og ná til flestra þátta í daglegu lífi okkar. Forvarnir eiga að spanna allt lífsskeið fólks og hafa velferð og farsæld íbúanna að leiðarljósi. Jafnrétti og fordómaleysi þarf að einkenna forvarnir. Sýnt hefur verið fram á margvíslegan ávinning útvistar, íþróttar og tómstunda með tilliti til lýðheilsu. Tryggja þarf að allir geti notið þess að ástunda heilbriggt lífverni án tillits til efnahags, fötlunar, aldurs eða kynferðis.

Leggja þarf áherslu á fræðslu um vímuvarnir og að upplýsingar um úrræði séu aðgengilegar. Þjófnað þarf foreldrum upp á fræðslu og stuðning þannig að þeir eflist í uppeldislutverkinu. Foreldrar eru og verða sterkustu fyrirmyndirnar. Þeir þurfa að setja börnum skýran ramma og fara eftir lögum og reglum. Þá þurfa foreldrar og allir þeir sem koma að uppeldi barna að vera í góðri samvinnu.

Fyrirmyndir finnast einnig í samfélaginu, utan heimilis. Samfélagið þarf að vera meðvitað um ábyrgð sína, að við gerum öll gagn í forvörnum. Þeir sem eldri eru þurfa að vera þeim yngri fyrirmyndir í einu og öllu og senda skýr skilaboð. Við berum öll ábyrgð.

Sett hafa verið fimm meginmarkmið forvarna í Ísafjarðarbæ sem endurskoðuð verða á tveggja ára fresti. Sveitarfélagið setur svo mælanleg starfsmarkmið fyrir hvert ár og verða þau endurskoðuð árlega. Þar mun koma fram hver ber ábyrgð og hvernig árangur skuli mældur. Í febrúar ár hvert skal félagsmálanefnd staðfesta starfsmarkmið komandi árs og fá niðurstöður mælinga fyrri árs um hvernig til tókst með starfsmarkmið þess.

Markmið

-  Tóbaks-, áfengis- og vímuefnalaus æska í Ísafjarðarbæ.
-  Gott andlegt og líkamlegt heilsufar íbúa.
 - Bæta sjálfmynd
 - Bæta heilsufar
 - Stuðla að kynheilbrigði
-  Fræðsla fyrir alla aldurshópa um forvarnir.
 - Efla fræðslu um vímuvarnir
 - Efla foreldrafræðslu
 - Efla fræðslu til starfsmanna sem vinna með börnum og ungmennum
 - Efla fræðslu um bættu líðan og aukið heilbrigði
 - Efla fræðslu um umhverfismál
 - Efla kynfræðslu
-  Viðhalda fjölbreyttum tómstundaúrræðum fyrir íbúa sveitarfélagsins.
 - Með áherslu á börn og ungmenni
-  Auka samvinnu meðal íbúa og stofnana sveitarfélagsins.
 - Kynna vel lög um útvistarfríma